

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

ÁRSSKÝRSLA 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS





Útgefandi: Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Umsjón: María Ásdís Stefáns Berndsen

Prófarkalestur: Pétur Ástvaldsson

Útlit og umbrot: Helgi Hilmarsson

Ljósmyndarar: Böðvar Þórisson, Charla Basran, Dagrún Jónsdóttir, Dreki Guls, Eiríkur Valdimarsson, Filipa Samarra, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Jón Einar Jónsson, Jón Jónsson, Jón Örn Guðbjartsson, Kristinn Ingvarsson, Marianne Rasmussen, Ragnar Edvardsson, Tómas G. Gunnarsson, Unnur Birna Karlsdóttir, Ute Stenkewitz, Vilhelm Vilhelmsson og Þorvarður Árnason.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík 2021



Efnisyfirlit

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands	4
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi	6
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði	8
Starfsemi í Vestmannaeyjum	12
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi	14
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum	16
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi	18
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum	20
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa	22
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra	24
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík	26



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Um þessar mundir eru 20 ár síðan fyrsta rannsóknasetur Háskóla Íslands var sett á fót á Hornafirði. Nú eru þau orðin tíu talsins en á árinu var Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Breiðdalsvík stofnað. Eru nú starfrækt rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Ströndum, Norðurlandi vestra, Húsavík, Austurlandi og nú Breiðdalsvík.

Fyrst um sinn munu jarðvísindi verða megináhersla í verkefnum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Breiðdalsvík. Haustið 2020 undirrituðu Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, og Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar, samstarfssamning um eflingu rannsókna á sviði jarðvísinda á Austurlandi og aukinn hlut stofnunarinnar í þeim rannsóknum sem unnar eru á svæðinu. Háskólinn og Náttúrufræðistofnun fjármagna sameiginlega starf verkefnisstjóra við setrið sem m.a. mun koma að verkefnum í tengslum við Borjarnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands sem staðsett er á Breiðdalsvík. Hefur verið ráðið í störf forstöðumans og verkefnisstjóra og mun Tobias Björn Weisenberger hefja störf 1. maí nk. sem forstöðumaður og María Helga Guðmundsdóttir verkefnisstjóri hefur þegar hafið störf við setrið.

Þá hófst starfsemi að nýju í Vestmannaeyjum með ráðningu Filipu Samarra, hvalasérfræðings, í starf akademíks sérfræðings við starfsstöð Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum. Rannsóknir Filipu snúa einkum að háhyrningum, hegðun, hljóðum og ferðum þeirra. Filipa þekkir vel til Vestmannaeyja þar sem hún og rannsóknahópur hennar hafa unnið rannsóknir sínar út frá Vestmannaeyjum síðastliðin sumur. Filipa og samstarfsfólk hennar hafa aðsetur í þekkingarsetri Vestmannaeyja. Unnið er að því að tryggja fjármögnun starfseminnar í Vestmannaeyjum til frambúðar svo hægt verði að setja á fót sjálfstætt Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum. Mikilvægur áfangi náðist á árinu er framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins til starfseminnar til hálfis árs 2021 var tryggt.



Sem fyrr er markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands m.a. að stuðla að rannsóknum. Menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land. Einnig að vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélag setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnulíf og samfélag. Rannsóknaviðfangsefni setranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleiffræði, þjóðfræði og nú síðast jarðfræði.

Ákademískir starfsmenn rannsóknasetranna koma flestir að kennslu, fyrst og fremst með leiðbeiningu framhaldsnema, í meistara- og doktorsnámi. Þá eru haldin sérhæfð vettvangsnámskeið á meistarastigi við nokkur rannsóknasetrana auk þess sem starfsfólk setranna kemur að kennslu í fleirum námskeiðum deilda Háskóla Íslands.

Rík áhersla er á virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi í starfsemi rannsóknasetranna. Hvort sem það er með rannsóknum á brýnum viðfangsefnum samtímans, eins og loftslagsmálum, með samstarfi við önnur skólastig eða miðlun rannsókna og þekkingar.

Óvenjumargir starfsmenn voru hjá Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands árið 2020 eða 54 talsins, 16 starfandi allt árið og þar af 15 í fullu starfi. Alls voru ársverk hjá Stofnun rannsóknasetra HÍ 28, sem er nokkur fjölgun frá 2019. Helsta skýringin er sú að þrettán sumarnemar, í átaki stjórnvalda og með styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna, unnu við setrin fjölbreytt verkefni síðastliðin sumur. Líkt og áður nýtti fjöldi meistara- og doktorsnema sér aðstöðu til rannsókna og vettvangsvinnu við rannsóknasetrin. Þá fengu erlendir fræðimenn einnig aðstöðu við sum setrana til lengri eða skemmi tíma. Ánægjulegt er að sjá að erlent samstarf setranna er sífellt að aukast.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands árið 2020 var Sæunn Stefánsdóttir. Guðmundur Hálfanarson, for-



seti Hugvísindasviðs og prófessor við Sagnfræði- og heimspeki-deild, tók við formennsku ráðgefandi nefndar stofnunarinnar af Önnu Döru Sæþórsdóttur, deildarforseta og prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild. Auk Guðmundar skipa nefndina Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, Guðrún Á. Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna hjá Austurbrú, Tómas G. Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi, og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála sem kom einnig ný inn í nefndina á árinu. Önnu Döru og Sigurði Sigursveinssyni, framkvæmdastjóra Háskólafélags Suðurlands, vil ég þakka fyrir þeirra mikilvæga framlag og vinnu fyrir stofnunina í ráðgefandi nefnd undanfarin ár. Nefndin fundaði átta sinnum á árinu.

Ársfundur Stofnunarinnar var haldinn með öðru sniði eins og svo margt á árinu 2020. 12. maí sl. var ársfundurinn haldinn með hjálp Teams með þátttöku fólks alls staðar að. Upptöku af fundinum var svo dreift eins og má lesa nánar um á vefsíðu Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, https://www.hi.is/rannsoknasetur_haskola_islands.

Nýr vefur Stofnunar rannsóknasetra var settur í loftið 1. desember sl. en þar er gerð nánari grein fyrir starfi rannsóknasetrana, sem og starfi stofnunarinnar. Vil ég þakka öllum þeim sem hönd lögðu á plóg við gerð nýju vefsíðunnar.

Áhrif heimsfaraldurs COVID-19 á starfsemina voru nokkur. Einna helst voru það rannsóknaverkefni sem töfðust þar sem erlendir samstarfsaðilar komust ekki til landsins eða ákveðið var að fresta framkvæmd þeirra. Erlendir nemar og starfsmenn áttu einnig erfitt með að koma til landsins og frestuðu margir ferðum sínum. Vettvangsnámskeiðum var frestað sem og ráðstefnum



og fundum. Þá höfðu heimavinna og skert skólastarf áhrif á starfsfólk en mismikil eftir aðstæðum þess. Fjarfundir og fjarvinna eru þó starfsfólki rannsóknasetra háskólans alls ekki ókunnug og ef eitthvað var stóð samhentur hópur starfsfólks rannsóknasetrana enn þetta saman í gegnum faraldurinn.

Starfsemi rannsóknasetrana hefur eflst á undanförunum árum og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi víða um land og aukið tengsl skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagsamtök og einstaklinga. Ánægjulegt er að sjá nýtt rannsóknasetur taka til starfa á Breiðdalsvík og starfsemi hefjast í Vestmannaeyjum. Á sama tíma hefur þó markmiði stofnunarinnar enn ekki verið náð um að á hverju rannsóknasetri séu tveir fastir starfsmenn. Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Sértekjur, eins og í formi rannsóknastyrkja, hafa lengi verið verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar og var það einnig svo 2020. Aukin framlög sveitarfélaga til starfsemi einstakra setra hafa einnig skipt miklu máli og stuðningur sem þessi er starfsemi setrana afar mikilvægur. Mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetrana til að gera þeim kleift að ná að fjölga fastráðnu fólki, efla innviði og þar með styrkja enn frekar starfsemi setrana. Rannsóknasetur Háskóla Íslands eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju þekkingar- og verðmætasköpunar sem Háskóli Íslands vill stuðla að, ekki síst nú á tímum mikilla breytinga í byggða- og atvinnumálum.

Sæunn Stefánsdóttir

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands

Mars 2021





Rannsóknasetur HÍ á Austurlandi

Meginmarkmið setursins eru að auka þekkingu á sögu samfélags og náttúru Austurlands, að stunda og stuðla að rannsóknum á sögu, samfélagi og náttúru á Austurlandi, efla samstarf Háskóla Íslands við menningarstofnanir, vísindamenn og fræðafélög á Austurlandi og vinna að sérfræðiverkefnum eins og tilefni og kostur er.

Eitt stöðugildi er við rannsóknasetrið, staða forstöðumannsins Unnar Birnu Karlsdóttur, og felur staðan í sér rannsóknarhlutverk og stjórnun setursins. Setrinu barst liðsauki sumarið 2020 en þrír háskólanemar unnu að sumarverkefnum á vegum setursins. Tvö verkefni voru unnin í krafti styrks úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sem forstöðumaður sótti um fyrir hönd rannsóknasetursins og réð tvo háskólanema í sagnfræði við Háskóla Íslands í umrædd verkefni, þá Jakob Snævar Ólafsson meistaranema og Kolbein Sturlu G. Heiðuson BA-nema. Þriðja staðan fékkst í kjölfar átaks ríkisins um sumarstörf stúdenta, með aðkomu Vinnumálastofnunar, og Háskóla Íslands til að stuðla að atvinnusköpun fyrir háskólanema þetta sumar og fól verkefnið í sér aðstoð við rannsóknir. Ráðin var lðunn Jónsdóttir, BA í heimspeki frá Háskóla Íslands. Öll fólu þessi verkefni í sér, vegna aðstæðna út af COVID-19, starf óháð staðsetningu.

Ný heimasíða Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands var opnuð á fullveldisdaginn 1. des. 2020 og má finna vefsíðu Rannsóknaseturs á Austurlandi á slóðinni: https://www.hi.is/rannsoknarsetrin_a_landabyggdinni/rannsoknasetur_haskola_islands_a_austurlandi

Yfirskriftir stærstu verkefna setursins hingað til hafa verið „Saga hreindýra á Íslandi“, „Með öræfin í bakgarðinum – um tengsl samfélags og hálandis á Austurlandi“, „Menningarminjar á bökkum

Jöklu“, „Glæpur og refsing í Múlaþingi: Rannsókn á brotamálum sem skráð eru í dómabækur Múlasýslna á 19. öld“, „Fiskeldi í sjó; bjargvættur eða bölvun? - Um viðhorf til fiskeldis í sjókvíum á Íslandi“ og „Saga náttúruverndarsamtaka Austurlands“.

Stærsta rannsóknarverkefnið á vegum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi á árinu 2020 var í samvinnu við Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) sem forstöðumaður setursins, dr. Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur, vann að í tilefni 50 ára afmælis samtakanna. Verkið fól í sér rannsókn og ritun um sögu samtakanna sem birtist í tímaritinu Glettingi haustið 2020, en heftið var helgað afmæli NAUST. Um ritstjórn og umsjón útgáfu sá Unnur Birna, auk þess að skrifa sjálf í ritið og fá þess utan valinn hóp einstaklinga til þess að ljá því efni í máli og myndum. Í kjölfarið fylgdi að Unnur Birna ritaði stuttan pistil í Náttúrufræðinginn í tilefni af afmælisári NAUST.

Hafin var á árinu rannsókn á sögu þýska jarðfræðingsins Emmy M. Todtmann sem var meðal frumkvöðla í jöklarannsóknum hér á landi og fyrsta konan sem lagði stund á slíkar rannsóknir hérlandis. Rannsóknasetrið vinnur að verkefninu til umfjöllunar og birtingar niðurstaðna á akademískum vettvangi. Auk þess er í samvinnu við Vatnajökulspjóðgarð (Snæfellsstofu) og Minjasafn Austurlands fyrirhugað að setja upp sýningu og dagskrá um Emmy í Snæfellsstofu sumarið 2021. Styrkur til verkefnisins fékkst frá Vinum Vatnajökuls.

Aðrar rannsóknir á árinu voru ýmsar en munu enn standa yfir á komandi ári og jafnvel lengur og biðna útgáfu niðurstaðna, þar á meðal verða skrif á ensku um sögu hreindýra á Íslandi á erlendum vettvangi. Fyrirhugað fyrirlestrahald á ýmsum vettvangi og fyrirlestraferðir til útlanda sem voru á dagskrá féllu niður vegna COVID-



19 og sama á við um ýmis samstarfsverkefni og fundi. Þó náðist að halda þrjá fyrirlestra og var öllum streymt á vefnum í ljósi aðstæðna. Önnur helstu rannsóknar- og sérfræðiverkefni á árinu fólst í áframhaldi á verkefninu „Menningarminjar á bökkum Jöklu“ sem snýst um rannsókn og skráningu menningarminja á bökkum Jökulsár á Dal.

Forstöðumaður setursins tók þann 15. febrúar 2020 á móti tilnefningu til viðurkenningar Hagþenkis, félags höfunda fræðiritrita og kennslugagna, fyrir rit sitt *Óræfahjörðin. Saga hreindýra á Íslandi* (Sögufélag, 2019). Ritið fékk einnig á árinu 2020 verðlaun úr sjóðnum Gjölf Jóns Sigurðssonar. Á útgáfuárinu, 2019, hafði bókin fengið tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og til Fjöruverðlaunanna. Forstöðumaður rannsóknasetursins naut auk þess þeirrar ánægju í kjölfar tilnefningar hreindýrasögunnar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna að geta þegið boð forseta Íslands um að vera viðstödd við veitingu þeirra verðlauna á Bessastöðum 28. janúar 2020 og samfagna þar með þeim höfundum sem hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin í þetta sinn. Allir fóru þessir viðburðir fram áður en landsmenn þurftu að breyta öllu samkomuhaldi eða fresta því vegna kórónuveirufaraldursins.

Áframhald varð á árinu í vinnu við verkefnið „verndarsvæði í byggð“ í þéttbýli Egilsstaða, sem Rannsóknasetrið vinnur fyrir sveitarfélagið Múlaþing (áður Fljótsdalshérað). Samstarfsaðilar í því auk sveitarfélagsins eru Anna María Þórhallsdóttir, arkitekt á Egilsstöðum, og Minjastofnun Íslands, auk þess sem verkefnið er unnið í samstarfi við Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Minjasafn Austurlands varðandi heimildir í máli og myndum. Ýmislegt fleira var á döfni á árinu á sviði svara við fyrirspurnum, ritrýni, styrkumsókna, ýmissi málaleitan og þátttöku í verkefnum af ýmsu tagi, sem ekki verður rakið hér.

Forstöðumaður setursins sinnti að venju setu í stjórnnum og félögum eins og við á í tengslum við starfsemi rannsóknasetrana á landsbyggðinni þar sem markmiðið í starfseminni er ekki aðeins að sinna vísindalegum rannsóknum heldur einnig að vinna að samfélagslegum verkefnum á ýmsum sviðum. Í þessu tilviki, á árinu 2020, var um að ræða setu í stjórn Samtaka kvenna í vísindum (SKVÍS), Söguslóða Austurlands og Sögufélags Austurlands.

Ritaskrá

- Unnur Birna Karlsdóttir, „Náttúruverndarsamtök Austurlands 50 ára“, Náttúrufræðingurinn. Tímarit Hins íslenska náttúrufræðifélags 90:4.–5. (2020), bls. 303–306.
- Unnur Birna Karlsdóttir, „Á náttúruverndarvaktinni í hálföld – NAUST 50 ára“, bls. 20–36; sami höf.: „Lagarfljótsnefnd skipuð árið 1974 að frumkvæði NAUST“, bls. 37–39; sami höf.: „Fulltrúi NAUST á náttúruverndarþingi 1972 leggur til að stofnað verði umhverfisráðuneyti“, bls. 40–41; sami höf.: „Aðalfundur NAUST 1999 vill stofnun Snæfellsþjóðgarðs“, bls. 45–46; sami höf.: „Virgjunarsinnar yfirtaka aðalfundur NAUST“, bls. 47–48, Glettingur. Tímarit um austfirsk málefni 30:2 (2020).

Ritstjórn

- Glettingur. Tímarit um austfirsk málefni 30:2 (2020).

Fyrirlestrar

- Unnur Birna Karlsdóttir, „Konan sem kannaði leyndardóma jökla. Dr. Emmy Todtmann og rannsóknir hennar á Íslandi“. Fyrirlestur fluttur 10. des. 2020, í fyrirlestraröð RIKK, tekið upp í stúdíói HÍ: sjá: <https://rikk.hi.is/konan-sem-kannadi-leyndardoma-joklanna-dr-emmy-todtmann-og-rannsoknir-hennar-a-islandi/>
- Unnur Birna Karlsdóttir, „Konan sem elsaði fossinn. Sigríður í Brattaholti og Gullfoss“, erindi flutt á aðalfundi Sagnfræðingafélags Íslands í Sjóminjasafninu 30. sept. 2020. Tvískiptur fyrirlestur, hinn hlutann flutti Eyrún Ingadóttir sagnfræðingur og rithöfundur sem fjallaði um sögulega skáldsögu sína um Sigríði í Brattaholti sem út kom á árinu: Dagskránni var streymt: https://eu01web.zoom.us/meeting/register/u5Mtcu2hpjosHtBHZ0t8YrpJ-EDDqa4yisR1G?fbclid=IwAR3ZqpUwm2tTwcK8bZJGfWzOty-DRdG-5fnSIQTzzxw_YY9Gh8vEt7xIUWII
- Unnur Birna Karlsdóttir, „Hálendishrifning og þjóðgarðar“, erindi flutt á vefviðburði umhverfissamtakanna Landverndar sem bar yfirskriftina „Náttúra Íslands og Hálendisþjóðgarður“, haldinn 12. nóv. 2020 á ZOOM, (seinni hluti dagskrár með sömu yfirskrift, fyrri hluti haldinn 11. nóv) aðgengilegt hjá Landvernd á Facebook á slóðinni: <https://www.facebook.com/landvernd/videos/5206495622709495>





Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði

Fastráðnir starfsmenn voru dr. Soffía Auður Birgisdóttir, fræðimaður, og dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður. Þorvarður hlaut framgang úr stöðu sérfræðings í stöðu fræðimanns á árinu.

Verkefnaráðnir starfsmenn voru átta: Arndís Hulda Auðunsdóttir (10%), Arndís Lára Kolbrúnardóttir (10%), Arndís Ósk Magnúsdóttir (15%), David Ostman (100%), Hafdís Lára Sigurðardóttir (10%), Johannes Welling (60%), Kieran Baxter (15%) og Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir (15%).

Þorvarður leiðbeindi tveimur doktorsnemum og lauk annar þeirra prófi á árinu, hann leiðbeindi einnig þremur meistaranemum og luku tveir þeirra prófi. Soffía Auður leiðbeindi einum meistaranema og lauk sá prófi á árinu, hún var einnig andmælandi við doktorsvörn við Íslensku- og menningardeild. Þorvarður annaðist stundakennslu í einu námskeiði en árlegt vettvangsnámskeið hans um stjórnun friðlýstra svæða féll niður vegna COVID-19. Soffía Auður var gestakennari í tveimur námskeiðum, í almennri bókmenntafræði og dönsku.

Rannsóknasetrið tók á móti þremur erlendum nemendahópum; frá Gustavus Adolphus College og á vegum National Geographic Student Expeditions og Student Travel International/Háskólaseturs Vestfjarða.

Meginrannsóknasviðsetursins voru sem fyrr bókmenntir og menning, ásamt umhverfis- og ferðamállum. Helstu verkefni ársins voru: Fjölskyldubréf og saga systra – kynjafræði- og ævisöguleg rannsókn, Rannsóknir á íslenskum nútímabókmenntum, Adventure Tourism in Vocational Education and Training (ADVENT, þriggja ára fjölþjóðlegt verkefni styrkt af Erasmus+) og gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand (ráðgjafarstörf fyrir Vatnajökulsþjóðgarð).

Á árinu hófst einnig vinna við nýtt fjölþjóðlegt verkefni, Scientific Tourism (SCITOUR) sem styrkt var til tveggja ára af Northern Periphery and Arctic Programme. Þá hafði Þorvarður umsjón með fimm rannsókn- og þróunarverkefnum varðandi landslag eða óbyggð viðurni fyrir Rammaáætlun, sem ýmist voru unnin af honum sjálfum eða samstarfsmönnum hans. Viðamesta verkefnið laut að þróun aðferða til að leggja mat á landslagsáhrif vindorkuvera. Enn fremur vann Þorvarður áfram að þróun sjónrænna aðferða við rannsóknir og miðlun á áhrifum hnattrænna loftslagsbreytinga í samstarfi við dr. Kieran Baxter hjá Dundee-háskóla, en Kieran tók við hlutastarfi sem nýdoktor við rannsóknasetrið í júlí 2020. Vinnu við fyrsta samstarfsverkefni

þeirra, heimildarmyndina After Ice, er nú að mestu lokið, sjá: <https://www.climatevis.com/after-ice>

Rannsóknasetrið stóð fyrir málþinginu Áhrif COVID-19 á ferðaþjónustu og samfélag í Sveitarfélaginu Hornafirði í nóvember 2020 í tengslum við útgáfu samnefndrar skýrslu. Hvort tveggja var sprottið af sumarvinnu háskólanema sem unnu við rannsóknina síðastliðið sumar. Þorvarður var fulltrúi í faghópi 1 í Rammaáætlun og sat einnig í stjórn Nýheima Þekkingarseturs, fagráði C-9 verkefna og skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Soffía Auður situr í ritstjórn vefjarins Skald.is, www.skald.is – sem hefur það markmið að verða stærsti gagnabanki um íslenskar kvennabókmenntir á netinu – og skrifar reglulega færslur og ritdóma á vefinn. Þorvarður aðstoðaði þáttagerðarmenn frá SET TV í Tævan við vinnslu sjónvarpsþáttarinnar Borderless World. Hann lagði einnig til myndefni í heimildarmyndina Heimur Norðurljósanna – Ísland eftir Árna Rúnar Hrólfsson (2020) og var enn fremur í margvíslegu samstarfi við Gunnlaug Þór Pálsson varðandi gerð heimildarmyndar um Breiðamerkursand sem ber vinnuheitid Hvíti risinn.

COVID-19 faraldurinn hafði meðal annars þau áhrif að færri ráðstefnur voru haldnar en til stóð og því var fyrirlestrahald starfsmanna með minna móti þetta árið. Forstöðumaður var í skertu starfshlutfalli vegna veikinda meginhluta ársins og setti það strik í starfsemi setursins.

Ritaskrá

- Arndís Ósk Magnúsdóttir, Hafdís Lára Sigurðardóttir, Arndís Lára Kolbrúnardóttir, Soffía Auður Birgisdóttir og Þorvarður Árnason (2020). Áhrif COVID-19 á ferðaþjónustu og samfélag í Sveitarfélaginu Hornafirði. Höfn: Rannsóknasetrið á Hornafirði.
- David Ostman (2020). Rammaáætlun 4: Landscape and Wilderness Data Collection Report 2020. Höfn: Rannsóknasetrið á Hornafirði.
- David Ostman og Pétur Þór Gunnlaugsson (2020). Visibility analysis of power transmission towers: a comparison study. Reykjavík: Landsnet.
- David Ostman og Þorvarður Árnason (2020). Kortlagning viðurna á miðhálandinu: Framhaldsverkefni um þróun aðferðafræði. Höfn: Rannsóknasetrið á Hornafirði.
- Johannes Welling og Þorvarður Árnason (2020). Winter tourism in the Vatnajökull Region. Höfn: Rannsóknasetrið á Hornafirði.





Johannes Welling, Þorvarður Árnason og Rannveig Ólafsdóttir (2020). "Implications of Climate Change on Nature-Based Tourism Demand: A Segmentation Analysis of Glacier Site Visitors in Southeast Iceland". Sustainability.

Sandra Björg Stefánsdóttir, Þorvarður Árnason, Snævarr Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Huguín Harpa Reynisdóttir og Johannes Welling (2020). Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand: Vinnustofa með hagadílum um verndun og nýtingu, Hoffelli, 10. febrúar 2020. Höfn: Rannsóknasetrið á Hornafirði, Nýheimar þekkingarsetur og Náttúrustofa Suðausturlands.

Soffía Auður Birgisdóttir (2020). „Challenging Gender, Historicizing Gossip. Reflections on the Life of Guðrún Sveinbjarnardóttir.“ Engendering Transnational Transgressions: From the Intimate to the Global. (Ed. Eilíne Boris, Sandra Trudgen Dawson og Barbara Molony). Routledge Press.

Soffía Auður Birgisdóttir (2020). „Þessi tvífætta villibráð“, Fléttur V: #MeToo (ritstj. Elín Björk Jóhannsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir), Reykjavík: RIKK - Rannsóknarstofa í jafnréttisfræðum og Háskólaútgáfan, 2020, bls. 33-55.

Soffía Auður Birgisdóttir (2020). „Hin skemmtilega dýrafræði Þórbergs Þórðarsonar og möguleikar hennar.“ Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar, 1. hefti.

Soffía Auður Birgisdóttir (2020). „Salt, ljós, vaka og draumur.“ Ritdómur um Seltu eftir Sólva Björn Sigurðsson, Tímarit Máls og menningar, 3. hefti.

Soffía Auður Birgisdóttir (2020). „Veröldin er full af ónotuðum sögum.“ Ritdómur um Þrjár skáldsögur eftir Steinunni G. Helgadóttur, Tímarit Máls og menningar, 1. hefti.

Soffía Auður Birgisdóttir (2020). Þýðing á grein Siri Hustvedt. „Engin samkeppni.“ Skírni, 194. árg. (haust), bls. 231-249.

Soffía Auður Birgisdóttir (2020). „Kynjamunur í heimi bókmennta.“ [Kynning á Siri Hustvedt.] Skírni 194. árg. (haust), bls. 227-230.

Soffía Auður Birgisdóttir (2020). Þýðing: Virginia Woolf. „Garðarnir í Kew.“ Smásögur heimsins: Evrópa. (Ritstj. Rúnar Helgi Vignisson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Jón Karl Helgason. Reykjavík: Bjartur.

Þorvarður Árnason (2020). „Wilderness in Iceland – mapping and exploring a web of values“. Í R. Bartel, F. Utley, S. Harris & M. Branagan (Ritstj.), Rethinking Wilderness and the Wild: Conflict, Conservation and Co-existence, s. 189-204. Routledge.

Þorvarður Árnason, Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir, Snævarr Guðmundsson, Huguín Harpa Reynisdóttir og Kristín Hermannsdóttir (2020). Breiðamerkursandur: Viðauki við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Greinargerð um tillögu svæðisráðs suðursvæðis. Garðabær: Vatnajökulsþjóðgarður. Að auki birti Soffía Auður Birgisdóttir sex ritdóma á vefnum Skald.is og einn ritdóm í Són, tímariti um óðfræði.

Nemendaritgerðir

Angela M. Jauch (2020). Understanding of wilderness: Implications for large scale conservation in Iceland. Háskóli Íslands, MA-ritgerð í umhverfis- og auðlindafræði.

Johannes Welling (2020). Glacier tourism and climate change adaptation in Iceland. Doktorsritgerð við Háskóla Íslands, land- og ferðamálafræði.

Michaël V. Bishop (2020). Central Highland National Park: Exploring the views of the Icelandic public. Háskóli Íslands, MS-ritgerð í land- og ferðamálafræði.

Stefán Hannesson (2020). Þögnin rofin: Sjónarhorn á kynferðisofbeldi í íslenskum samtímabókmenntum. Háskóli Íslands, MA-ritgerð við Hugvísindasvið.

Ritstjórn

Soffía Auður Birgisdóttir (2020). Ritstjórnarmeðlimur bókmenntavefsins skald.is, sjá <https://www.skald.is/>

Fyrirlestrar

Arndís Ósk Magnúsdóttir, Soffía Auður Birgisdóttir, Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir. „Staða erlendrar starfsmanna í ferðabjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði á tímum COVID-19“. Erindi á Þjóðarspeglinum, 20. október 2020

Hafdis Lára Sigurðardóttir, Þorvarður Árnason, Soffía Auður Birgisdóttir og Arndís Lára Kolbrúnardóttir. „Viðhorf og staða atvinnurekenda í ferðabjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði á tímum COVID-19“. Erindi á Þjóðarspeglinum, 20. október 2020.

Soffía Auður Birgisdóttir (2020). „Kona eða karl: Staðreyndir eða slúður: Um maddömu Guðrúnu Sveinbjarnardóttur“, fyrirlestur fluttur á Júlíónuhátíð, Stykkishólmi 29. febrúar 2020.

Soffía Auður Birgisdóttir (2020). „Að hafa stjórn á kynlífi kvenna: „Ástandið“ og viðbrögð íslenskra karlmanna“, fyrirlestur haldinn á vegum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Nýheimum á Hornafirði, 7. febrúar 2020.


Þorvarður Árnason (2020). „Náttúruvernd og byggðapróun: Áhrif verndarsvæða á grannbyggðir“. Erindi flutt fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 29. janúar 2020.

Þorvarður Árnason (2020). „Náttúruvernd – aflvaki eða dragbítur byggðapróunar?“. Erindi flutt í Nýheimum (fóstudagserindi), 6. mars 2020.

Þorvarður Árnason (2020). „Náttúruvernd og efling byggða: Leitinn að samnefnara“. Erindi flutt á tveimur vinnufundum Náttúrustofu Suðausturlands vegna C9 verkefna, 27. – 28. okt. 2020.

Þorvarður Árnason (2020). „Can Tourism Make A Difference?“. Lokaráðstefna Adventure Tourism Vocational Education and Training (ADVENT), 6. nóvember 2020.

Þorvarður Árnason (2020). „Náttúruvernd og byggðapróun: Andstæður eða gagnvirkt samspil?“. Flutt á málþingi NAUST og Landverndar um Náttúru Íslands og Hálandisþjóðgarð, 11. nóvember 2020.








STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS



Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að

efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Viðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, hreindýr, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði.

STARFSSTÖÐVAR STOFNUNAR RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS





Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi er á Laugarvatni. Starfslíð setursins eru tveir fastráðnir starfsmenn, Böðvar Þórisson verkefnastjóri og Tómas Grétar Gunnarsson forstöðumaður. Nýdóktor, þrír doktorsnemar, meistaranemi og sumarstarfsmaður störfuðu einnig við setrið á árinu 2020.

Við rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á landnotkun og vistkerfum. Meginstef í rannsóknunum er uppbygging þekkingar sem nýtist til að spá fyrir um áhrif fjölbreyttra gerða landnotkunar á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Slik þekking verður æ mikilvægari eftir því sem möguleikar á nýtingu lands verða fjölbreyttari og þrýstingur á notkun lands eykst. Mikill skortur er á upplýsingum um tengsl landnotkunar og náttúruvæðis á Íslandi en þær nýtast til að stuðla að sjálfbærum lífsháttum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði auðlindanýtingar og náttúruverndar. Við setrið eru einnig stundaðar rannsóknir á stofnstjórnun farfugla en Ísland er afar heppilegur vettvangur til slíkra rannsókna og rannsóknir á fuglum eru nátengdar rannsóknunum á áhrifum landnotkunar.

Auk þess að skipuleggja og stjórna tímabundnum verkefnum, einkum nýdókta og framhaldsnema, eru einnig rekin langtíma-verkefni við setrið. Uppbygging langtímarannsókna á landvistkerfum hefur staðið yfir frá 2011 en markmið þeirra er að geta í framtíðinni skýrt betur drifkrafta landbreytinga og áhrif þeirra á landvistkerfi og lífsgæði. Böðvar Þórisson hefur umsjón með langtíma-verkefnum, skipuleggur útvinna og viðheldur gagnagrunnum og tekur auk þess þátt í flestum verkefnum setursins.

Aldís Erna Pálsdóttir doktorsnemi rannsakar áhrif mannvirkja og skógarjaðra á fuglastofna á láglandi en þessar gerðir landnotkunar færast mjög í vöxt og hafa mögulega veruleg áhrif á að Íslendingar geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði náttúruverndar. Maite Cerezo doktorsnemi stundar rannsóknir á tengslum varþéttleika og stofnvistfræði hjá fuglum. Þessi tengsl stýra áhrifum umhverfisbreytinga á stofna. Sölvi Rúnar Vignisson doktorsnemi rannsakar stjórnun á farháttum fugla, einkum hvernig atburðir í æsku hafa áhrif á einstaklinga á fullorðinsárum og á stofna farfugla. Aron Alexander Þorvarðarson hóf meistaranám á árinu en hann rannsakar hvaða þættir stjórna því hvað er mikið af fuglum í mismunandi votlendi.

José Alves, vísindamaður við Háskólann í Aveiro, hefur starfað við setrið á sumrin í allmörg ár en hann á þátt í mjög fjölbreyttum rannsóknunum á Íslandi og erlendis og leiðbeiningu framhaldsnema. Veronica Mendez, sem hefur verið nýdóktor við setrið síðustu ár við rannsóknir á tengslum farflugs og lýðfræði, gegndi tímabundinni stöðu á árinu þar sem unnin voru útbreiðslulíkön fyrir algenga íslenska landfugla á vegum Rammaáætlunar.

Nefndarvinna var fyrirferðarmikil á árinu en forstöðumaður situr í Faghópi eitt í 4. áfanga Rammaáætlunar, verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar í skógrækt, stýrihópi um endurskoðun stefnu Íslands í vernd líffræðilegrar fjölbreytni auk nokkurra annarra nefnda og stjórna.

Almenningsfræðsla er mikilvægur þáttur af starfinu. Rann-

sóknasetrið og grunnskóli Bláskógabyggðar á Laugarvatni eru í samstarfsverkefni sem gengur út á að meta áhrif loftslagsbreytinga á fuglastofna. Verkefnið felst í því að nemendur á elsta stigi og starfsmenn setursins telja fugla við Laugarvatn á reglubundinn hátt frá hausti til vors. Með slíkum talningum má nema breytingar á stofnstærðum og fartíma en verkefni sem þessi nýtast einnig á fjölbreyttan hátt við kennslu. Fjallað var um verkefnið í Landanum á RÚV í upphafi árs 2020. Starfsmenn setursins halda einnig oft kynningar og erindi fyrir almenning um fugla, náttúruvernd og landnotkun.

Ritaskrá

- Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Losing space for breeding waders. *Wader Study* 127(3): 178–182. doi:10.18194/ws.00212.
- Davidson S.C.,Alves J.A.... 142 höfundar 2020. Ecological insights from three decades of animal movement tracking across a changing Arctic. *Science* 370 (6517). DOI: 10.1126/science.abb7080
- Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90:
- Carneiro, C., Tómas Grétar Gunnarsson & Alves, J. 2020. Linking weather and phenology to stopover dynamics of a long-distance migrant. *Frontiers in Ecology and Evolution* 8: DOI: 10.3389/fevo.2020.00145
- Verónica Méndez, José A Alves, Böðvar Þórisson, Alina Marca, Tómas Grétar Gunnarsson, Jennifer A. Gill 2020. Individual variation in migratory behavior in a subarctic partial migrant shorebird. *Behavioral Ecology*. <https://doi.org/10.1093/beheco/araa010>
- Bing-Run Zhu, Chris J. Hassell, Yvonne I. Verkuil, Tómas Grétar Gunnarsson, Jos C. E. W. Hooijmeijer, Zhengwang Zhang & Theunis Piersma 2020. Size, shape and sex differences in three subspecies of Black-tailed Godwits *Limosa limosa*. *Bird Study*. <https://doi.org/10.1080/00063657.2020.1733930>
- Rebecca A. Laidlaw Tómas Grétar Gunnarsson Verónica Méndez Camilo Carneiro Böðvar Þórisson Adam Wentworth Jennifer A. Gill José A. Alves 2020. Vegetation structure influences predation rates of early nests in subarctic breeding waders. *Ibis*. <https://doi.org/10.1111/ibi.12827>

Óritrynt efni

- Veronica Mendez og Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Flokkun lands eftir mikilvægi fyrir algenga landfugla. Skýrsla unnin fyrir Rammaáætlun – 4. áfanga. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. 15 bls.
- Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Votlendi í uppsveitunum. *Litli-Bergþór* 41: 16-23.
- Böðvar Þórisson og Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Þéttleiki snjó-tittlings í stíflugörðum og náttúrulegum búsvæðum á hálendinu. Skýrsla til Landsvirkjunar. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. 29 bls.
- Aldís E. Pálsdóttir, Böðvar Þórisson og Tómas Grétar Gunnarsson. 2020. Áhrif loftlína á þéttleika fugla. Skýrsla til Náttúruverndar-sjóðs Pálma Jónssonar. Rannsóknasetur Háskólans á Suðurlandi. 14 bls.
- Böðvar Þórisson, Aldís Erna Pálsdóttir og Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Áhrif vega á þéttleika fugla. Skýrsla til Vegagerðarinnar. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. 20 bls.
- Gill, J.A.; Mendez, V.; Gunnarsson, T.G.; Alves, J.A.; Thorison, B. 2020.



Feather isotope ratios and sexing of oystercatchers breeding in Iceland, 2013-2017. Birt gagnasett. NERC Environmental Information Data Centre. <https://doi.org/10.5285/acbe4aa4-4ed9-428a-b633-ddd1bc119e12>

Cerezo-Araujo, M., Hallgrímsson, G.T. Méndez, V., Alves J. A., Gunnarsson T. G. Investigating the links between adult density and breeding success in Icelandic whimbrels. International Wader Study Group Online meeting 2020.

Erindi og veggspjöld




Cerezo-Araujo, M., Hallgrímsson, G.T. Méndez, V., Alves J. A., Gunnarsson T. G. The mechanism of density dependent population regulation in breeding Icelandic whimbrels. Twitter-ráðstefna breska fuglafræðifélagsins BOU.

Josh Nightingale, Peter M. Potts, Ruth C. Croger, Tómas G. Gunnarsson, Böðvar Þórisson, Jennifer A. Gill, José A. Alves. 2020. Using network analysis to understand estuary-scale patterns of individual wader movements. International Wader Study Group Online meeting 2020.

Cerezo-Araujo, M., Alves J. A., Carneiro C., Hallgrímsson, G.T., Gunnarsson T. G. The mechanism of density dependent population regulation in breeding Icelandic whimbrels 2020. Veggspjald á ráðstefnu norrænu vistfræðifélaganna (Nordic Oikos).

Carneiro C., Gunnarsson T. G., & Alves J. A. (2020) Spring stopover of Icelandic whimbrels: weather constraints or flexible schedules? #ISTC20 International Shorebird Twitter Conference, organized by BOU and IWSG.

Carneiro C., Gunnarsson T. G., & Alves J. A. 2020. Annual schedule adjustment in a sub-arctic breeding wader: the Icelandic whimbrel. XII Portuguese Polar Sciences Conference, conference organized by the Portuguese Polar program. Online.





Starfsemi í Vestmannaeyjum

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands hóf starfsemi í Vestmannaeyjum í júní 2020 þegar dr. Filipa Samarra var ráðin sem sérfræðingur til að sinna kennslu og rannsóknum tengdum sjávarspendýrum. Paul Wensveen, nýdoktor við Háskóla Íslands, hefur að auki starfsstöð þar og sinnir þar rannsóknum á andarnefju og búrhval. Erfið veðurskilyrði og heimsfaraldur COVID-19 höfðu áhrif á vettvangsrannsóknir sem stóðu yfir í júlí og ágúst. Styrkur fékkst frá RANNÍS til að halda áfram langtímavöktun háhyrninga, sem staðið hefur yfir frá Vestmannaeyjum frá árinu 2008 og var áhersla lögð á það verkefni í vettvangsvinnunni. Einnig voru stundaðar rannsóknir á öðrum tegundum.

Í júlí voru stundaðar rannsóknir og gögnum safnað bæði á sjó og landi. Meðal annars voru borin kennsl á einstaklinga með hjálp myndagrunns, fylgst var með atferli þeirra og hljóð þeirra tekin upp. Þær tegundir sem sáust voru háhyrningar, grindhvalir og beinhákarl, auk hreina og hnísa.

Í ágúst fóru fram rannsóknir á vettvangi í samvinnu við Eddu Magnúsdóttur, nýdoktor við HÍ. Fjöldi skiðishvala sást en engir háhyrningar. Þá sáust nokkrar steypireyðar og hnúfubakar, sem hægt var að bera kennsl á með myndagrunninum. Stefnt er að því að bera þau gögn saman við fyrri rannsóknir í þeim tilgangi að rannsaka far hvala suður af landinu. Þá var lífsýnum safnað og meðal annars náðust fyrstu sýnin úr hnúfubökum og steypireyðum sem safnað er frá Vestmannaeyjum. Áfram var unnið við uppbyggingu myndagrunnsins.

Nokkrir nemendur tóku þátt í vettvangsvinnunni í sumar. Anna Selbmann, doktorsnemi við HÍ, vann með Filipu og Paul og Jörundi Svavarssyni, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, að rannsóknum á samspili háhyrninga og grindhvala. Tatiana Marchon, einnig doktorsnemi við HÍ, vann með Filipu, Marianne Rasmus-

sen, forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Húsavík, og dr. Volker Deecke frá Háskólanum í Cumbria, að rannsóknum á vistfræði og samskiptum háhyrninga. Meistaraneiminn Barbara Neubarth, sem stundar nám við Háskólasetrið á Vestfjörðum, var í sumarnámi undir handleiðslu Pauls sem fólst í vinnu við myndgreiningu andarnefja. Þá tóku starfsmenn á móti dr. Freydisi Vigfúsdóttur og nemendum hennar í vettvangsnámskeiði í meistaranámi í umhverfis- og auðlindafræði, þar sem Filipa og Paul fluttu fyrirlestra.

Haustið 2020 hófu nemandi í starfsþjálfun, meistaranemi og grunnnemi vinnu við lokaverkefni sín tengd starfsemi starfsstöðvarinnar. Meðal þess sem er tekið til skoðunar er fjöldi og tíðni háhyrninga við Vestmannaeyjar, sem og hljóðgreiningar. Ayça Eleman hóf doktorsnám sitt við HÍ undir leiðsögn Filipu og er viðfangsefni hennar vistfræði fæðu háhyrninga. Meðleiðbeinendur eru Snæbjörn Pálsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og dr. Guðmundur Óskarsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun.

Á árinu varð í fyrsta skipti vart sjávarspendýra suður af landinu að vetrarlagi. Meðal annars sást til hnúfubaka og háhyrninga við fæðuöflun og talið er að síld hafi verið uppistaða fæðunnar. Þetta bendir til að hafsvæðið í kringum Vestmannaeyjar sé mikilvæg uppspretta fæðu vissra tegunda yfir vetrarmánuðina. Í framtíðinni er stefnt að vöktun árið um kring sem varpar frekara ljósi á mikilvægi þessa búsvæðis fyrir ólíkar tegundir sjávarspendýra.

Ritaskrá

Selbmann A, Deecke VD, Fedutin ID, Filatova OA, Miller PJO, Svavarsson J and Samarra FIP (2020) A comparison of Northeast Atlantic killer whale (*Orcinus orca*) stereotyped call repertoires. *Marine Mammal Science* 37: 268-289





Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum

Rannsóknir setursins tengjast einkum lífríki sjávar, með megináherslu á vistfræði og áhrif mengandi efna á sjávarlífverur. Forstöðumaður er dr. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur og Hermann Dreki Guls var í fullu starfi á árinu en hann lauk jafnframt meistaranámi sínu við setrið í upphafi ársins. Rannsóknasetrið deilir húsnæði í Sandgerði með Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetri Suðurnesja sem voru sem fyrr nánir samstarfsaðilar.

Helstu verkefni ársins voru áframhaldandi rannsóknir á kröbbum og kræklingi þar sem lögð er áhersla á vöktun, eiturefnavistræði og líffræðilega mælikvarða í dýrunum í tengslum við mengun. Þessir mælikvarðar eru liður í áframhaldandi þróun mengunarmiðstöðvar setursins þar sem áherslan er á eiturefnavistræði á viðum grunni og var unnið að mörgum og fjölbreytilegum verkefnum á árinu sem flest sneru að mengun hafsins. Setrið sá áfram um kræklingasöfnun á landsvísu vegna AMSUM mengunarvöktunar á lífríki hafsins við Ísland, rannsóknir á mengun af völdum lífrænna tinsambanda úr botnmálningu skipa og gerði mælingar á ensímavirkni í kræklingum í tengslum við mengandi efni nærri hafnarsvæðum á Reykjanesi. Af öðrum viðamiklum verkefnum má nefna rannsóknir á framandi sjávarlífverum við Ísland og úttekt á fjörlífriki Kalmanstjarnar sunnan við Hafnir á Reykjanesi vegna fyrirhugaðrar stækkunar fiskeldis Stofnfisks ehf.

Líkt og undanfarin ár var alþjóðlegt samstarf setursins viðamikili á árinu. Setrið tók þátt í fundi vinnuhóps innan Alþjóða hafrannsóknastofnunarinnar um áhrif mengandi efna á lífverur sem haldinn var í Lissabon í Portúgal dagana 2. – 6. mars. Setrið er aðili að


SureAqua verkefninu sem styrkt er af NordForsk og leitt af Norce í Bergen og er doktorsverkefni Daniels Coaten við setrið er snýr að rannsóknum og nýtingu á þara fjármagnað að hluta í gegnum það verkefni. Þá eru rannsóknir setursins á umhverfisáhrifum fiskeldis í sjó einnig fjármagnaðar af SureAqua en þau verkefni voru unnin í samstarfi með RORUM ehf ásamt nokkrum erlendum aðilum. Starfsmenn setursins héldu áfram þátttöku í AMAP hópi um plastmengun á norðurslóðum (Litter and Microplastics Expert Group) fyrir hönd Umhverfisstofnunar og eru þeir jafnframt í NordMar vinnuhópi um plastmengun á norðurslóðum en það verkefni er styrkt af Norræna ráðherraráðinu og leitt af Mátis. Samstarf setursins með Háskólanum í Baskahéruðunum á Spáni um áhrif olíumengunar á lífríki sjávar í N-Atlantshafi hélt áfram en það hófst árið 2018.

Kynningarstarf setursins var ívið viðaminna en áður sökum COVID-19 faraldursins en helst má nefna að forstöðumaður ræddi rannsóknir setursins á grjótkrabba í sjónvarpsþættinum Landanum á RÚV sem sýndur var í október.

Starfsmenn setursins kenndu í þremur námskeiðum í líffræði við HÍ og forstöðumaður var jafnframt leiðbeinandi eins BS-nema, eins meistaranema og í doktorsnefnd tveggja doktorsnema við HÍ. Hermann Dreki Guls varði meistara-verkefni sitt á árinu og var hann auk forstöðumanns leiðbeinandi BS-nemans sem útskrifaðist á árinu.

Setrið hefur umsjón með og sér um rekstur á Sæmundi fróða RE 32, 8 tonna báts í eigu HÍ, en hann nýttist afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni á árinu.





Ritaskrá

Alfonso A. Ramos-Esplá, Joana Micael, Halldór P. Halldórsson, Sindri Gíslason. 2020. Iceland: a laboratory for non-indigenous ascidians. *BioInvasions Records* 9 (3): 450-460. <https://doi.org/10.3391/bir.2020.9.3.01>

Guðjón Atli Auðunsson, Adrianna Milewska, Joe Jephson, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Baldur Jón Vigfússon, Ester Inga Eyjólfsdóttir. 2020. Könnun á efnabáttum í seti við Straumsvík sumarið og haustið 2018. NMI-skýrsla, verknr: 6EM18058:1, apríl 2020. Unnið fyrir ISAL, 32 bls.

Guðjón Atli Auðunsson, Baldur Jón Vigfússon, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Arnar Sveinbjörnsson. 2020. Könnun á efnabáttum í sjó við Straumsvík sumarið og haustið 2018. NMI-skýrsla, verknr: 6EM18058:2, apríl 2020. Unnið fyrir ISAL, 20 bls.

Guðjón Atli Auðunsson, Adrianna Milewska, Joe Jephson, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Ester Inga Eyjólfsdóttir, Baldur Jón Vigfússon. 2020. Könnun á ólífænum snefilefnum og aromatískum fjölhringa-samböndum (PAH) í kræklingi við álverið í Straumsvík. Sýnataka 2018. NMI-skýrsla, verknr: 6EM18058:3, maí 2020. Unnið fyrir ISAL, 50 bls.

Joana Micael, Pedro Rodrigues Halldór Pálmar Halldórsson, Sindri Gíslason. 2020. Distribution and abundance of the invasive tunicate *Ciona intestinalis* (Linnaeus, 1767) in Icelandic harbours. *Regional Studies in Marine Science* 34: 101039. <https://doi.org/10.1016/j.rsma.2020.101039>

Sindri Gíslason, Snæbjörn Pálsson, Jónas P. Jónasson, Hermann Dreki Guls, Jörundur Svavarsson, Halldór P. Halldórsson. 2020. Population dynamics of three brachyuran crab species (Decapoda) in Icelandic waters: impact of recent colonization of the Atlantic rock crab (*Cancer irroratus*). *ICES Journal of Marine Science*. <https://doi.org/10.1016/j.jms.2020.101039>

Fyrirlestrar og kynningar

Daniel James Coaten. Land-based production of macroalgae in Iceland. Erindi á SURAQUA Annual Meeting haldinn af Norge í Bergen. Rafrænn fundur, 1. desember 2020.

Halldór Pálmar Halldórsson. Rannsóknir á örplasti og efnamengun í lífríki sjávar við Ísland í samhengi við heimsmarkmið SP. Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, rafrænn fundur, 12. maí 2020.

Halldór Pálmar Halldórsson. Kynning á starfsemi setursins fyrir kennara og meistaranemendur í sjávarlíffræði við HÍ og Haf-rannsóknastofnun. Rafræn kynning á mögulegum verkefnum við setrið, 25. nóvember 2020.

Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls. Microplastics in the blue mussel, common whelk and vase tunicate in Iceland. Erindi á fundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um áhrif mengandi efna á lífverur (WGBEC – The Working Group on Biological Effects of Contaminants). Lissabon, Portúgal, 3. mars 2020.

Hermann Dreki Guls. Plast sem mengun í sjó. Kynning fyrir nemendur og kennara í 8. og 9. bekk í þremur grunnskólum Reykjavíkurborgar. Haldið í Vogaskóla 15. janúar, Lauglækjarskóla 27. janúar og Háaleitisskóla 13. febrúar 2020.

Hermann Dreki Guls, Halldór Pálmar Halldórsson. Accumulation and biomarker responses in the Atlantic rock crab (*Cancer irroratus*) exposed to Benzo(a)Pyrene through ingestion of contaminated mussels (*Mytilus edulis*). Erindi á fundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um áhrif mengandi efna á lífverur (WGBEC – The Working Group on Biological Effects of Contaminants). Lissabon, Portúgal, 5. mars 2020.

Veggspjald

Porleifur Eiríksson, Leon Moodley, Guðmundur Viðir Helgason, Halldór Pálmar Halldórsson, Þorgerður Þorleifsdóttir, Jónatan Þórðarson, Þorleifur Ágústsson. Depth distribution of marine invertebrates in bottom sediments in relation to enrichment of organic matter from salmon aquaculture. Veggspjald á Nordic Oikos ráðstefnunni í Hörpu, Reykjavík, 3.–5. mars 2020.

Prófrítgerðir

Hermann Dreki Guls. 2020. Accumulation and biomarker responses in the Atlantic rock crab (*Cancer irroratus*) exposed to Benzo(a)Pyrene through ingestion of contaminated mussels (*Mytilus edulis*). Meistaraprófsritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Janúar 2020, 61 bls. <http://hdl.handle.net/1946/34953>

Sunna Hrund Sverrisdóttir. 2020. Virkni andoxunarensíma og lípið peroxun í meltingarkirtli kræklinga (*Mytilus edulis*) við mismunandi mengunarálag. 15 eininga BS-ritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Maí 2020, 33 bls. <http://hdl.handle.net/1946/35812>





Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi

Starfsmenn voru tveir, báðir í fullu starfi, Jón Einar Jónsson vísindamaður og Ute Stenkewitz verkefnisstjóri. Ute lauk dvöl sinni við Rannsóknasetrið í desember og er stefnt að ráðningu nýs starfsmanns vorið 2021.

Ellen Magnúsdóttir líffræðingur var við störf við setrið sjötta sumarið í röð, að merkingum á æðarfugli. Auk þeirra tóku þátt Jón Jakobsson í Rifgirðingum og Árni Ásgeirsson í Þormóðsey. Þá fékkst að þessu sinni styrkur frá Vinnumálastofnun til að ráða Svövu Kristínu Jónsdóttur sem sumarstarfsmann og tók hún þátt í merkingaverkefninu og vann að gagnauðvinnslu og skýrslugerð.

Merkingaverkefnið er langtíma verkefni, unnið í samstarfi við landeigendur og styrkt af Rannsóknasjóði HÍ. Merkingar á æðarfugli voru með svipuðum hætti 2020 og verið hefur flest ár. Alls náðust eða endurheimtust 225 merktar æðarkollur í Breiðafirði, þar af voru 88 nýmerktar. Að þessu sinni náðist að fara á alla merkingastaði nema þrjá, þ.e. Elliðaey, Gimbury og Höskuldsey. Í júní merktu Ellen og Svava æðarkollu nr. 1000 frá upphafi í Rifgirðingum. Þá voru merktir mávsungar í Landey í júlí.

Norska Seatrack-verkefnið hélt áfram að kortleggja vetrarstöðvar og farleiðir 11 sjófuglategunda. Í ár voru settir út 12 hnatt-





stöðuritar en níu slíkir voru endurheimtir. Nú hafa endurheimst 135 hnattstöðuritar en alls verið settir út 192 slíkir 2014-2020. Norsk Institut for Naturforskning leiðir verkefnið sem mun standa til a.m.k. til 2022.

Dróni með innrauðri myndavél fékkst keyptur með styrk úr Tækjakaupasjóði HÍ og mun nýtast næstu árin, m.a. til kortlagningar búsvæðis umhverfis hreiður og hitamyndatöku á varpstöðum.

Talningar á æðarungum, vatnafuglum og afkomu bjargfugla fóru fram eins og vant er. Svo virðist sem fækkun bjargfugla hafi stöðvast, a.m.k. í bili. Hins vegar fækkaði æðarkollum með unga á talningasvæðinu við Breiðafjörð. Vatnafuglar og bjargfuglar eru sem fyrr samstarf með Náttúrustofu Vesturlands.

Rannsóknasetrið var með tvö framlög á Norrænu Oikos ráðstefnunni í mars, erindi um æðarrannsóknir á Íslandi og veggspjald um rjúputalningar á Snæfellsnesi. Sjö handrit leidd af samstarfsaðilum eru á lokastigi og Jón Einar er meðal meðhöfunda.

Ritaskrá

Nielsen, Ó.K. et al. 2020. Host sex and age typically explain variation in parasitism of rock ptarmigan: implications for identifying determinants of exposure and susceptibility. *Journal of Avian Biology* 2020: e02472

Fyrirlestrar

Jón Einar Jónsson 2020. Ecology and Society Collaborations with Eiderdown collectors research in Iceland 2007-2019. Erindi á Oikos ráðstefnunni í Reykjavík (Hörpu) 3.-5. mars 2020.

Veggspjald

Ute Stenkewitz og Ólafur Karl Nielsen. 2020. Changing Climate and Icelandic Rock Ptarmigan: Influence of Regional Weather. Veggspjald á Erindi á Oikos ráðstefnunni í Reykjavík (Hörpu) 3.-5. mars 2020.





Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum

Við setrið störfuðu á árinu 2020 tveir sérfræðingar í fullu starfi, dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, líffræðingur, sem jafnframt er forstöðumaður setursins, og dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur. Við setrið störfuðu einnig á árinu þrjú doktorsnemar, tveir meistaranemar, sérfræðingur á rannsóknastofu, tveir sumarstarfsmenn og þrjú verknámsnemar. Nánari lýsing á nemendaverkefnum er hér að neðan.

Setrið er til húsa að Hafnargötu 9b í Bolungarvík. Þar hefur verið unnið að því að bæta aðstöðu og tækjabúnað til rannsókna á strandsvæðum, bæði á sviði líffræði og fornleifafræði. Þessi uppbygging hefur skapað setrinu sess sem ákjósanlegur vettvangur til að sinna fjölbreyttum rannsóknum, t.d. sem krefjast kortlagningu búsvæða á hafsbotni, umhverfisstýrðum tilraunum á fiskum á rannsóknastofu, merkingu á fiskum á vettvangi og skráningu minjastaða á hafsbotni. Þá hefur þessi uppbygging gert setrinu enn frekar kleift að sinna samfélagsverkefnum af meiri krafti t.d. með því að taka á móti hópum grunnskólanema. Þrátt fyrir að árið 2020 hafi verið óvanalegt og takmarkanir vegna sóttvarnaaðgerða einkennt hluta ársins þá gekk rannsóknastarf setursins að mestu leyti vel. Sumarið var annasamt og fjöldi nema hjá setrinu, m.a. styrktir af átaki ríkissjóðs til að tryggja háskólanemum sumarstörf. Stórum rannsóknarverkefnum var komið áfram og önnur hafin eins og lesa má nánar um hér fyrir neðan.

Við setrið störfuðu 2020 þrjú doktorsnemar. Anja Nickel vinnur að verkefnum „Vistfræði og búsvæðanýting þorskfiskseiða við náttúrulegar aðstæður“. Theresa Henke vinnur að verkefnum „Landnám flundru (*Platichthys flesus*) á Íslandi“ og Rosanne Beukeboom að verkefnum „Atferli staðbundinnar gerðar og fargerðar þorsks á seiðastigi“. Tveir meistaranemar unnu að verkefnum sínum við setrið, Shaun Turnbull sem starfsmaður og vinnur að verkefnum „Stofnsamsetning þorskseiða á uppeldisstöðvum metin með arfgerðagreiningum“ og Michelle Valliant, nemi við Háskólasetur Vestfjarða, vann að verkefnum „Kalkþörungur sem búsvæði smáfiska“.

Rannsóknir ársins einkenndust af framvindu verkefna styrktra af Rannsóknasjóði Rannís en í upphafi árs 2019 hlaut Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir verkefnastyrk til verkefnisins „Hreyfivistfræði þorsk-

seiða“ og Anja Nickel, námstyrk vegna doktorsverkefnis síns „Vistfræði og búsvæðanýting þorskfiskseiða við náttúrulegar aðstæður“. Þessi verkefni eru nátengd og miða bæði að því að skilja vistnýtingu og breytileika í vistnýtingu þorskfiskseiða. Innan stærra verkefnisins er unnið sérstaklega að því að skilja svæðisnýtingu og atferli þorskseiða af ólíkum arfgerðum og hvernig þessir þættir breytast með tímanum. Alls unnu þrjú rannsóknar- og sérfræðingur á rannsóknastofu og tveir sumarstarfsmenn að þessum verkefnum, bæði við rannsóknir á atferli á rannsóknastofu, erfðafræðigreiningar og merkingar fiska í náttúrunni.

Annað stórt verkefni á sviði fiskmerkinga var styrkt af Umhverfissjóði sjókvíaldis á árinu. Það verkefni miðaði að því að rannsaka lúsasmit á villtum laxfiskum og hvort lúsasmit hefur áhrif á ferðir villtra laxfiska, t.d. hvort fiskar sem eru smitaðir af lús séu líklegri til að halda sig við sjókvíar eða haldi sig mögulega mest við ferskvatn. Hlustunardufl voru úti í Dýrafirði frá júlí og fram í október 2020. Tuttugu fiskar voru merktir og náðust áhugaverðar forniðurstöður sem sýna að lúsasmitaður silungur hegðar sér öðruvísi en silungur með engar lús.

Á sviði fornleifafræði var unnið að lokum rannsóknarinnar „Allen die willen naa Island gaan. Hvalveiðar og verslun Hollendinga á 17. og 18. öld“, sem miðar að því að skilja hlutverk og áhrif hvalveiða og verslunar Hollendinga á íslenskt samfélag á tímum einokunar. Á árinu var m.a. unnið að fullnaðargreiningu gripa og að greinaskrifum. Aðrar fornleifarannsóknir sem voru áberandi voru „Fornleifarannsóknir á neðansjávarminjum“ en það verkefni miðar að því að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknarmöguleika. Árið 2020 fannst t.d. skipsflak í Eiðsvík í Kollafirði. Þá var unnið áfram að rannsóknum á „Hvalveiðistöðvum Norðmanna á Íslandi“ við upphaf tuttugustu aldar.

Þá voru doktorsrannsóknir Theresu Henke áberandi þáttur í starfi setursins 2020. „Landnám flundru á Íslandi“ er þverfræðilegt verkefni þar sem beitt er erfðafræðilegum, vistfræðilegum og samfélagsfræðilegum aðferðum til að leita lausna á veru nýju, og mögulega ágengu, tegundarinnar flundru á Íslandi. Sumarið 2020 var farið hringinn í kringum landið vegna sýnatöku til þessa verk-



efnis og fyrstu niðurstöður arfgerðagreininga liggja nú fyrir. Annað áhugavert verkefni sem unnið var sem sumarverkefni var rannsókn á því að nýta myndavélar og hins vegar notkun fjölgeislamælis til myndgreininga og talninga á fiskum.

Ritaskrá

Henke T, Patterson WP & Ólafsdóttir GÁ. First record of niche overlap of native European plaice (*Pleuronectes platessa*) and non-indigenous European flounder (*Platichthys flesus*) on nursery grounds in Iceland. 2020. *Aquatic Invasions*, 15(4), 671–682

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Hreiðurgerð og hrygningaratferli hornsíla í Þingvallavatni. 2020. *Náttúrufræðingurinn*. 90 (1), 48-56.

Natascha Mehler, Guðmudur Ólafsson, Bart Holterman, Joris Coolen, Ragnar Edvardsson, Torbjörn Brorson. „Gautavík – a trading site in Iceland re-examined.“ *German Trade in the*



North Atlantic c. 1400 – 1700; *Interdisciplinary Perspectives*. 2020. *AmS-Skrifter* 27, 259-275, Arkeologisk Museum, University of Stavanger.

Gylfi Helgason, Alexandra Tyas, Ragnar Edvardsson. „Fornleifarannsókn á 19. aldar hvalveiðistöðvum á Vestfjörðum“ 2020. Árbók Hins íslenska fornleifafélags. Reykjavík.

Michelle Valliant. Assessing the degree of maerl habitat fragmentation affecting fish species richness and abundance. 2020. Meistaraprófsritgerð.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Rosanne Beukeboom, Shaun Turnbull & Snæbjörn Pálsson. Behavior and habitat use of migratory and resident Atlantic cod juveniles. The fourth conference of the Nordic society Oikos. Reykjavík, 2-5 mars 2020.

Anja Nickel & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Primary carbon sources in the coastal fish assemblage of Breiðafjörður. The fourth conference of the Nordic society Oikos. Reykjavík, 2-5 mars 2020.



Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum var stofnað haustið 2016 og rannsóknir í þjóðfræði eru í öndvegi hjá setrinu. Sérstök áhersla er lögð á miðlun og hagnýtingu þjóðfræðilegrar þekkingar. Rannsóknasetrið hefur frá upphafi verið til húsa í Þróunarsetrinu á Hólmavík og Jón Jónsson þjóðfræðingur stýrir starfsemi.

Það voru mikil umsvif hjá Rannsóknasetrinu á Ströndum á árinu 2020 og kraftur í rannsóknum og þróunarstarfi. Minna var hins vegar um viðburði sem hafa verið mikilvægur vettvangur fyrir miðlun fræðanna til almennings. Vel gekk að fjármagna verkefni og starfaði Eiríkur Valdimarsson, MA í þjóðfræði, hjá setrinu allt árið í verkefni sem nýtur stuðnings frá Bygðastofnun í gegnum Bygðáætlun 2018-2024. Innan ramma þess er unnið að skráningarverkefnum sem snúast í fyrsta lagi um íslenska þjóðtrú og í annan stað um varðveislu gamalla ljósmynda, söfnun, skráningu og miðlun. Það verkefni er unnið í samvinnu við söfn á Ströndum og á landsvísi. Þriðja skráningarverkefnið tengist dagbókum fyrri alda og loks má nefna skráningu á viðtölum úr Vesturheimi í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar. Afraksturinn af því viðamikla verkefni birtist á ismus.is.

Fleiri þjóðfræðingar og námsmenn voru ráðnir í tímabundin verkefni. Áki Guðni Karlsson, doktorsnemi í þjóðfræði, er frá byrjun september í stöðu verkefnisstjóra í verkefninu Þjóðtrúarflettan, sem nýtur stuðnings frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og bygðþróunarverkefninu Sterkar Strandir. Hann vinnur hugmyndavinnu um frekari uppbyggingu innan setursins á þessu sviði og einnig að miðlun þjóðtrúarefnis, m.a. á nýjum vefsetrum um íslenska þjóðfræði. Hans verkþætti lýkur vorið 2021. Í upphafi ársins 2020 unnu Dagrún Ósk Jónsdóttir, doktorsnemi í þjóðfræði, og Guðlaug Guðmunda Ingibjörg Bergsveinsdóttir þjóðfræðingur í hlutastörfum að afmörkuðum verkþáttum í sama verkefni, með góðum árangri.

Sumarið 2020 var ævintýralegt. Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti fjölda verkefna vegna bágs atvinnuástands og þar á meðal voru þrjú sem tengdust setrinu, öll samstarfsverkefni með öðrum menningarstofnunum. Í samvinnu við Galdrasýningu á Ströndum vann Dagný Kristinsdóttir þjóðfræðinemi að verkefninu Galdra- og þjóðsagnaslóð á Ströndum. Í Skagafirði vann Stefán Ágústsson,

íslenskufraeðingur hjá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, að verkefni með yfirskriftina „Ljósmyndun, greining, skráning og miðlun handrita Sölva Helgasonar“. Þriðja samstarfsverkefnið var með Fræðslumiðstöð Vestfjarða og þar vann Tryggvi Fjölnisson sagnfræðinemi að mótun námskeiðs um áttahagafræði og sagnir við Vestfjarðaleiðina, nýja ferðamannahringleið sem til stendur að markaðssetja.

Á grundvelli átaks á vegum stjórnvalda um sumarstörf stúdenta voru þrjú tveggja mánaða störf hýst hjá setrinu. Í þeim voru Hjördis Björk Hjartardóttir þjóðfræðinemi sem vann verkefni um þjóðtrú og örnefni á Ströndum, Jóhanna Guðbjörg Rósmundsdóttir kennaranemi sem vann verkefni um hagnýtingu gamalla ljósmynda frá Hólmavík, m.a. sem kennsluefni fyrir grunnskóla, og Rut Einarsdóttir sem er að læra þróunarfræði og glimdi við verkefni um ímynd svæða og sjálfsmynd íbúa á Vestfjörðum. Alls voru því 11 einstaklingar sem höfðu atvinnu í tengslum við starfsemi setursins á árinu 2020.

Þrjú lykilverkefni setursins hafa þegar verið nefnd í tengslum við starfsfólkið. Þau eru rannsókn tengd gömlum dagbókum af svæðinu, rannsókn sem hverfist um gamlar ljósmyndir og í þriðja lagi rannsókn og miðlun íslenskrar þjóðtrúar. Fjórða stóra verkefnið 2020 var útgáfa á bókinni *Strandir 1918: Ferðalag til fortíðar*. Dagrún Ósk Jónsdóttir var ráðin ritstjóri og bókina kom út fyrir jólin. Hún er endapunktur í samnefndu samstarfsverkefni frá 2018. Í bókinni eru fimm nýjar fræðigreinar eftir fræðifólk á Ströndum, einnig ferðasaga, samantekt um búnaðarástandið og tvö sýnishorn af dagbókum frá þessum tíma. Formála skrifaði Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands. Rannsóknasetrið gaf bókina út í samvinnu við Sauðfjársetur á Ströndum og var um að ræða frumraun í bókaútgáfu hjá báðum aðilum.

Samstarf við samfélagið á Ströndum, menningarstofnanir, söfn og viðburðahaldara er umtalsvert og hefur verið það allt frá stofnun. Rannsóknasetrið tekur jafnan virkan þátt í hátíðahöldum á svæðinu og á árinu 2020 var hátíðin Bókavík meðal þeirra. Þá var heil vika undirlögð af bókaviðburðum og kom setrið að margvíslegri miðlun, að mestu leyti á rafrænu formi. Setrið var með innlegg á árlegum vetrarhátíðum á Ströndum, Vetrarsól sem haldin var í janúar og Hörmungardögum sem voru í lok febrúar. Margt sem fyrirhugað





var af viðburðum féll þó niður á árinu, en verður vonandi að veruleika þegar birtir til og bólusetningum fjölgar.

Setrið hélt málþing á árinu á galdrasýningunni á Hólmavík með yfirskriftinni Stefnumót við dauðann! með nemendum í hagnýtri þjóðfræði. Ein þjóðtrúartengd sögusýning var sett upp, Skemmtilegt er myrkrið!, og var sú draugasýning uppi á tveimur stöðum á Hólmavík, í Hnyðju og á Galdrasýningunni. Samstarf var um útsýningu við nýjan göngustíg sem heitir Sjávarslóð og er við Sauðfjársetrið í Sævangi. Sýningin var opnuð 17. júní og þar má m.a. finna listaverk og skúlptúra og fjölmörg söguskilti með margvíslegum fróðleik um umhverfið, náttúruna og þjóðsögur. Minnisvarði um Jón Jónsson dagbókkaritarar (1795-1879), sem hefur verið til rannsóknar hjá starfsmönnum setursins, er einnig þarna við stíginn. Setrið tók líka þátt í uppsetningu og hugmyndavinnu um útilistaverk á Hólmavík, minnisvarða um Klemus Bjarnason við Galdrasýningu á Ströndum, en hann var síðastur manna dæmdur til dauða fyrir galdra á Íslandi. Listamaðurinn Arngrímur Sigurðsson vann að báðum þessum verkefnum og á Klemus jafnframt að verða upphafspunktur í skúlptúraslóð sem fyrirhuguð er á Hólmavík.

Af öðrum miðunarverkefnum má nefna að setrið tók þátt í sögurolti með söfnunum á Ströndum og í Dölum og sá um leiðsögn í tveimur sögugöngum sumarið 2020. Eins var setrið samstarfsaðili við gerð þriggja hlaðvarpsseríu á árinu. Þær eru Álfar og tröll, í samvinnu við söngkonurnar Helgu Kvam og Þórhildi Örvarsdóttur, Á flakki um fjörðinn, sem Héraðsskjalasafn Skagfirðinga stóð fyrir, og þáttaröð með yfirskriftina Þjóðhættir sem Vilhelmina Jónsdóttir og Dagrún Ósk Jónsdóttir, doktorsnemar í þjóðfræði, eiga heiðurinn af.

Jón Jónsson þjóðfræðingur fékk á árinu 2020 menningarverðlaun sveitarfélagsins Strandabyggðar – Lóuna. Margvísleg menningarverkefni sem Rannsóknasetrið stendur fyrir skipta þar örugglega miklu máli.

Áhersla er lögð á gott samstarf milli setursins og námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands. Jón Jónsson hefur stöðu aðjunktis og kenndi á vormisseri 2020 Hagnýta þjóðfræði, 10 eininga námskeið á MA-stigi, í vinnulotum syðra, gegnum fjárfundi og á Hólmavík í verkefnaviku. Einnig sinntu doktorsnemarnir Dagrún Ósk Jónsdóttir og Áki Guðni Karlsson háskólakennslu í þjóðfræði og félagsvísindum á meðan þau voru í starfi hjá Rannsóknasetrinu.

Ritaskrá

- Áki Guðni Karlsson (2020). The Yule Cat. From murky beginnings to a dark and glorious future. Á vefnum Icelandicfolklore.is, birt 17. des.
- Áki Guðni Karlsson (2020). Viral remedies. Folk medicine during the Spanish flu pandemic in Iceland in 1918. Á vefnum Icelandicfolklore.is, birt 29. nóv.
- Jón Jónsson (2020). Menningararfur í myndum. Strandapósturinn 52. árg, s. 142-143.
- Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson (2020). Harðindi, heilsubrestur og lækningaaðferðir: Gluggað í dagbók frá 19. öld. Kreddur – vefrit í þjóðfræði, birt á vefnum 15. Júní.
- Matthias Egeler (2020). Örnefni, þjóðsögur og félagslegt óréttlæti. Sagnir af fátæku fólki á Ströndum. Strandapósturinn 52. árg. s. 97-103.

Bókarkaflar

- Eiríkur Valdimarsson (2020). Veður og vesen. Í Strandir 1918. Ferðalag til fortíðar. Ritstj. Dagrún Ósk Jónsdóttir. Útg. Sauðfjársetur á Ströndum og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa, Strandir, s. 38-53.

Jón Jónsson (2020). Strandir og stórvíðburðir á landsvísi. Í Strandir 1918. Ferðalag til fortíðar. Ritstj. Dagrún Ósk Jónsdóttir. Útg. Sauðfjársetur á Ströndum og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa, Strandir, s. 19-38.

Jón Jónsson (2020): Hólmavíkorpörp í mótun. Í Strandir 1918. Ferðalag til fortíðar. Ritstj. Dagrún Ósk Jónsdóttir. Útg. Sauðfjársetur á Ströndum og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa, Strandir, s. 91-109.

Skýrslur

- Dagný Kristinsdóttir (2020). Galdra- og þjóðsagnaslóð á Ströndum. Lokaskýrsla fyrir Nýsköpunarsjóð námsmanna. Strandagaldur og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa. [20 bls.]
- Dagrún Ósk Jónsdóttir (2020). Vestfirski þjóðtrúarfléttan. Yfirlit um vinnu og verkefni tengd þjóðtrú á Vestfjörðum. Skýrsla fyrir Rannsóknasetur HÍ á Ströndum.
- Guðlaug Guðmunda Ingibjörg Bergsveinsdóttir (2020). Þjóðtrú um fugla. Skýrsla fyrir Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu, í samvinnu við Össusetur Íslands.
- Jón Jónsson, Agnes Jónsdóttir og Guðrún Gígja Jónsdóttir (2020). Þorpið Hólmavík á Ströndum – íbúabyggð og ferðamanna staður. Skýrsla fyrir verkefnið Vestfirsku þorpin, áhersluverkefni í Söknaráætlun Vestfjarða. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum. [82 bls.]
- Jón Jónsson, Sædis María Jónatansdóttir og Tryggvi Fjölsson (2020). Áttahagafræði, sagnir og menning á Vestfjörðum. Lokaskýrsla fyrir Nýsköpunarsjóð námsmanna. Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa. [46 bls.]
- Stefán Ágústsson (2020). Sölvu Helgason. Ljósmyndun, greining, skráning og miðlun handrita Sölvu Helgasonar. Lokaskýrsla fyrir Nýsköpunarsjóð námsmanna. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. [28 bls.]

Sýningar

- Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson (2020): Skemmtilegt er myrkrið! Sögusýning um drauga og reimleika, teikningar eftir Sunnevu Guðrúnu Þórðardóttur. Opnuð á hátíðinni Vetrarsól á Ströndum, í Hnyðju á Hólmavík, 17. jan. og að nýju í Galdrasýningu á Ströndum 22. maí og var uppi fram í október.
- Jón Jónsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir (2020): Sjávarslóð. Útsýning í Orrustutanga við Sauðfjársetur á Ströndum. Söguskilti og listaverk við göngustíg. Opnuð með viðhöfn 17. júní.

Fyrirlestur

- Eiríkur Valdimarsson (2020). Milliliðalaust samband við fortíðina. Tilfinningar, fátækt og hungur í dagbók frá 19. öld. Erindi á Ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2020, í opnum fjárfundi, 12. maí.
- Jón Jónsson (2020). Óleyfilegar galdrakúnstir, fjölkynngi og fordæðuskapur: Um Strandamanninn Klemus Bjarnason og meinta glæpi hans. Pistill fluttur í tengslum við 20 ára afmæli Galdrasýningar á Ströndum, á galdratúninu á Hólmavík, 30. okt.
- Jón Jónsson (2020). Samstarf í safnastarfi á Norðurlandi vestra – möguleikar og tækifæri. Fyrirlestur á málstofunni Samstarf við rannsóknir – snertifletir og stefna til framtíðar, á vegum Byggðasafns Skagfirðinga, Héraðsskjalasafns Skagfirðinga og Ferðamálaeildar Háskólans á Hólum, í Kakalaskála 19. nóv.
- Jón Jónsson (2020). Snjóflóðið í Goðdal 1948. Fyrirlestur á sunnudagskaffi og sögustund á Sauðfjársetrinu í tengslum við listahátíðina Hörmungardaga, 1. mars.
- Jón Jónsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir (2020). Draugasögur í björtu! Opinn fyrirlestur á hátíðinni Vetrarsól á Ströndum, í Hnyðju á Hólmavík, 19. jan.



Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetrið er til húsa í gamla Kaupfélagshúsinu á Skagaströnd og tók þar formlega til starfa árið 2010. Þar eru einkum stundaðar rannsóknir í sagnfræði og skyldum greinum. Forstöðumaður setursins er dr. Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur en auk hans starfar við setrið Þórunn Þorsteinsdóttir, MSc í sagnfræði, sem verkefnisstjóri. Á setrinu er bókasafn Halldórs Bjarnasonar til húsa. Þar er boðið upp á vinnuáætlun sem meðal annars er nýtt í samvinnu við ljósmyndasafn sveitarfélagsins og listamiðstöðina Nes en sökum heimsástandsins hefur verið minna um gestakomur á safninu en undanfarin ár.

Þann 1. mars 2019 hófst við setrið vinna við verkefnið „Gagnagrunnur sáttanefndabóka, 1798–1936“. Um er að ræða fimm ára verkefni sem unnið er í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og felst í að koma varðveittum sáttabókum frá tímabilinu á veflægt form ásamt því að efnisskrá bækurnar og útbúa leitarbæran gagnagrunn um innihald þeirra. Þórunn Þorsteinsdóttir hefur verið verkefnisstjóri frá upphafi. Rannsóknasetrið hefur hlotið nokkra styrki til verkefnisins og er það fjármagnað að stærstum hluta með veglegum styrk úr sjóði tengdum stefnumótandi byggðaáætlun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Árið 2020 hlaut verkefnið einnig styrk úr Innviðasjóði sem gerði okkur kleift að ráða tímabundinn starfsmann til verkefnisins og var Harpa Rún Ásmundsdóttir ráðin í starfið.

Þrjú sumarstarfsmenn voru við Rannsóknasetrið árið 2020. Harpa Rún Ásmundsdóttir og Emil Gunnlaugsson störfuðu við skráningu sáttabóka úr Þingeyjarsýslu á grundvelli styrks úr Nýsköpunarsjóði námsmanna en Ingimar Jenni Ingimarsson, BA nemi í sagnfræði, starfaði við verkefnið „Heimaslóðir Jóns Árnasonar“. Það er samstarfsverkefni Rannsóknasetursins og sveitarfélaganna Skaga-

strandar og Skagabyggðar og snýr að gerð smáforrits um Þjóðsögur og heimaslóðir Jóns Árnasonar (1819–1888) á Skagaströnd sem ætlað er að hvetja til aukinnar ferðamennsku um svæðið.

Vilhelm á aðild að alþjóðlega verkefninu Worlds of Related Coercions in Work (WORCK) sem hlaut á árinu 2019 veglegan COST Action styrk til fimm ára. Vilhelm situr í miðstjórn verkefnisins og leiðir einn af vinnuhópum þess. Verkefninu er ætlað að skapa öflugt tengslanet fræðimanna sem vinna með þvingaða atvinnu í sögulegu samhengi. Því fylgja tíðir vinnufundir, ráðstefnur um tengd málefni, samvinna við ritun fræðigreina og sameiginlegar útgáfur á greinasöfnum og sérheftum tímarita. Vilhelm var þátttakandi á fyrsta fundi verkefnisins sem haldinn var í Lyon í Frakklandi í febrúar 2020, skömmu áður en kórónaveiran lokaði fyrir frekari fundi af því tagi. Starfsemi verkefnisins hefur takmarkast mjög sökum heimsástandsins en vinnufundir hafa að mestu verið færðir á netið og hefur Vilhelm skipulagt og stýrt fjölmörgum slíkum á árinu.

Vilhelm vinnur áfram að rannsóknnum á heimi vistarbandsins og birtist ein ritrýnd grein eftir hann á árinu. Þar að auki hefur Vilhelm unnið áfram að rannsóknnum á selveiðum við Húnaflóa í sögulegu samhengi og hugmyndaheimi íslenskra innflytjenda í Vesturheimi um aldamótin 1900. Einnig var Vilhelm leiðbeinandi í tveimur loka-verkefnum BA-nema við námsbraut í sagnfræði auk þess að leiðbeina einum MA-nema við gerð einstaklingsverkefnis. Hann situr áfram í doktorsnefnd Sólveigar Ólafsdóttur, doktorsnema í sagnfræði. Loks gegnir Vilhelm enn starfi ritstjóra Sögu, sem er fremsta fagfólk sagnfræðinga á Íslandi og kemur út tvisvar á ári. Þá ber að geta þess að Vilhelm var í barneignarleyfi frá ágúst og fram í októberlok.



Ritaskrá


Vilhelm Vilhelmsson. 2020. Tactics of evasion: The survival strategies of vagrants and day labourers in eighteenth and nineteenth century rural Iceland. 1700-tal: Nordic Journal for Eighteenth-Century Studies 17: 34–56. <https://doi.org/10.7557/4.5547>

Prófrítgerðir

María E. Guðsteinsdóttir. 2020. Sjaldan veldur einn þá tveir deila: Ástæður og fjöldi vistarprosmála í dóma- og sáttabókum 1800–1920. BA-ritgerð í sagnfræði, Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/35352>

Lára Kristjánsdóttir. 2020. Endurminningar úr vist í sveitum Íslands á 19. og 20. öld. BA-ritgerð í sagnfræði, Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/35366>

Emil Gunnlaugsson. 2020. Ferðaskýrsla Levetzows 1779–1780: Uppskrift af ferðaskýrslu Levetzows frá fyrstu Íslandsför hans árin 1779 til 1780 og samhengi hennar. Einstaklingsverkefni í MA-námi í sagnfræði við Háskóla Íslands.





Rannsóknasetur HÍ á Húsavík

Við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík eru aðallega stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum. Setrið var stofnað haustið 2007 og forstöðumaður þess er dr. Marianne Helene Rasmussen, líffræðingur og sérfræðingur í sjávarspendýrum. Auk hennar voru tveir starfsmenn í hlutastörfum við setrið allt árið. Egill Aðalgeir Bjarnason í starfi skipstjóra, auk þess að sinna öðru fjölbreyttum verkefnum sem til falla við setrið. Charla Basran doktorsnemi vann að verkefni sínu, sem fjallar um hnúfubaka sem flækjast í veiðarfærum við Ísland. Þar að auki starfaði doktorsneminn Tatiana Marchon við setrið sem og í Vestmannaeyjum en rannsóknir hennar snúa að háhyrningum.

Rannsóknasetrið er þátttakandi í norræna öndvegissætursverkefninu ARCPATH – Arctic Climate Predictions: Pathways to Resilient, Sustainable Societies.

Rannsóknasetrið starfar sem fyrr í nánú samstarfi við Hvalasafnið á Húsavík. Á árinu unnu stofnanirnar m.a. að greiningu ljósmynda sem nemendur, starfsmenn og sjálfboðaliðar tóku í siglingum hvalaskoðunarbáta frá Húsavík.

Sumarið 2020 var upptökubúnaður settur í sjóinn í Skjálfaflóa í þeim tilgangi að rannsaka hljóð hvala og hljóð sjávar. Var búnaðurinn tekinn á land í september. Í haust voru síðan tvö upptökutæki sett í sjóinn og er tilgangur þeirra að taka upp hljóð tengd fari hvala, einkum steypireyða. Upptökutækin verða tekin á land síðsumars 2021. Verkefnið er fjármagnað af WWF og unnið í

samstarfi við Ocean Mission og hvalaskoðunarfyrirtækið Norður-siglingu.

Marianne Rasmussen var meðleiðbeinandi fjögurra doktorsnema og þriggja meistaranema á árinu. Alls unnu 20 erlendir nemar, þar af nokkrir starfsmenn, að fjölbreyttum verkefnum við setrið árið 2020. Í flestum tilvikum var um að ræða verklegan hluta náms þeirra við erlenda háskóla. Nemarnir dvöldu á Húsavík í nokkra mánuði í senn og höfðu aðstöðu í húsnæði á vegum setursins.


Setrið hefur umsjón með og sér um rekstur á bát í eigu Háskóla Íslands, Arcpath, en hann nýttist afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni á árinu.

Rannsóknasetrið á Húsavík á gott samstarf við sveitarfélagið Norðurþing, sem hefur reynst mikilvægur bakhjarl, m.a. við útvegum húsnæðis fyrir erlenda háskólanema.

Áhrif COVID-19 voru þónokkur við setrið. Rannsóknaverkefni og komur erlendra samstarfsmanna og nemenda frestuðust. Þó var hægt að taka á móti 16 erlendum nemendum og starfsmönnum sem unnu verkefni sín og komu að langtíma verkefnum setursins.

Ritaskrá

Basran, C, Woelfing, B, Neumann, C and Rasmussen, MH (2020). Behavioural Responses of Humpback Whales (*Megaptera novaeangliae*) to Two Acoustic Deterrent Devices in a Northern



Feeding Ground off Iceland. Aquatic Mammals. DOI 10.1578/AM.46.6.2020.584

Basran, C and Rasmussen, M (2020). Conflicts Between Arctic Industries and Cetaceans. Chapter 5. In: Arctic Marine Sustainability (Eva_Pongrácz, Victor_Pavlov and Niko_Hänninen, editors). Springer-Verlag

Groove, T, Senglat, C, Petiquoyot, M, Kosiba, D and Rasmussen, MH (2020). Mass stranding and unusual sightings of northern bottlenose whales (*Hyperoodon ampullatus*) in Skjálfandi Bay, Iceland. *Marine Mammal Science* (<https://doi.org/10.1111/mms.12689>)

Hansen, Andersen, K, Hernandez, A, Wahlberg, M, Mooney, A and Rasmussen, M (2020). The common murre (*Uria aalge*), an auk seabird, react to underwater sound. *J. Acoust. Soc. Am.* 147, 4069-4074.



Mooney, TA, Smith, A, Larsen, ON, Hansen, KA, and Rasmussen, M (2020). A field study of hearing in the Atlantic Puffin, *Fratercula arctica*. *J. Exp. Biol* 223, doi:10.1242/jeb.228270

Pampoulie, C, Gíslason, D, Ólafsdóttir, G Chosson, V, Halldórsson, SD, Mariani, S, Elvarsson, B, Rasmussen, MH, Iversen, MR, Daniëlsdóttir, AK Gísl A. Víkingsson, GA (2020). Evidence of unidirectional hybridization and second-generation adult hybrid between the two largest animals on earth. *Evolutionary Applications*. 2020;00:1–8.

Kynningar/erindi

Grove, T, Homer, N, Romanov, M Stoller, S, Robinson, A, Rasmussen, MH and Henry, L-A (2020). Snot and steroids: exploring steroid hormones in whale blow via UAV collection for physiological monitoring. *Marine Alliance for Science and Technology for Scotland*

Zahn, MJ, Laidre, KL, Stolz, P, Rasmussen, MH, Koblitz, JC (2020). Vertical Sonar Beam Width and Scanning Behavior of Wild Belugas (*Delphinapterus leucas*) in West Greenland. *JASA* 148, 2633





HÁSKÓLI ÍSLANDS
STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS
www.rannsoknasetur.hi.is

UNIVERSITY OF ICELAND